

Blásið til sóknar á sviði menningarmála

til að efla samkeppnishæfni Norðurlandanna á heimsvísu



Norrænu menningarmálaráðherrarnir

Á fundi norræna menningarráðherra sem haldinn var í Stokkhólmi 6. maí sl. var samþykkt að leggja fram sameiginlega aðgerðaáætlun til að efla skapandi starf og alþjóðlega umræðu.

Ráðherrarnir vilja stefna að því að norræn menningarsamvinna verði meira áberandi en nú er í hinni alþjóðlegu samkeppni í tengslum við velferðarmál, gildi og atvinnumál. Ráðherrarnir eru á einu máli um að menning og listir eigi að verða snar þáttur í að efla samkeppnishæfni Norðurlanda og gera þau sýnilegri á alþjóðavettvangi.

Fyrsta skrefið í aðgerðum menningarmálaráðherranna er að leita eftir samstarfi við viðskipta- og atvinnumálaráðherra landanna og leggja fyrir þá tillögur um sameiginlegar aðgerðir til að efla skapandi iðnað. [Norræna tölvuleikjaáætlunin](#), sem menningarmálaráðherrarnir höfðu frumkvæði að, hefur gefið góða raun og norræni kvikmynda- og sjónvarpssjódurinn hefur styrkt stoðir iðnaðarinn. Nú á að efla starfsemina enn frekar og nýta betur til að markaðssetja Norðurlöndin sem skapandi.

Annar meginþátturinn í áherslum menningarmálaráðherranna er að efla samskipti ólíkra menningarheima. Ráðherrarnir vilja meðal annars styrkja hina norrænu hefð fyrir umfjöllun um menningarmál og lýðræðislega umræðu. Markmiðið er að ýta undir þróun menningar- og atvinnulífs með auknum menningarsamskiptum milli svæða og landa.

Spor til framtíðar - menntun til sjálfbærni

málþing haldið 16. maí í Kennaraháskóla Íslands

Efnt verður til málþings um menntun til sjálfbærrar þróunar í Kennaraháskólanum í Reykjavík næstkomandi föstudag. Það eru menntamálaráðuneyti og umhverfisfræðsluráð sem boða til málþingsins í samvinnu við rannsóknarhóp Kennaraháskólans og Háskólans á Akureyri. Rannsóknarhópurinn vinnur nú að rannsóknar- og þróunarverkefninu [GETA til sjálfbærni](#) - menntun til aðgerða. Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri skrifstofu menntamála í menntamálaráðuneyti opnar ráðstefnuna. Erindi flytja:

- » Stefán Bergmann, dósent við Kennaraháskóla Íslands.
- » Kennert Orlenius, lektor við Höskolan Skövde í Svíþjóð.
- » Sjöfn Guðmundsdóttir, Menntaskólanum við Sund.

Þallborðsumræðum stýrir Ingólfur Jóhannesson prófessor við Háskólann á Akureyri.

Málþingið er opið öllum og aðgangur er ókeypis. Skráning fer fram á GETA@khi.is

Ungt fólk 2007

Komin er út skýrslan Ungt fólk 2007- Framhaldsskólanemar Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Samanburður rannsókna frá 2000, 2004, og 2007.

Menntamálaráðuneyti hefur staðið fyrir reglubundnum rannsóknum á högum barna og ungmenna frá árinu 1992 undir heitinu Ungt fólk. Frá 1999 hefur stofnunin [Rannsóknir og greining](#) annast þessar rannsóknir fyrir menntamálaráðuneytið og hefur dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti kennslufræða- og lýðheilsudeilda Háskólans í Reykjavík, leitt þær.

Menntamálaráðuneyti telur að æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk séu mikilvægt tæki til að fylgjast með þáttum eins og menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun, félagsstarfi, framtíðarsýn og líðan barna og ungmenna. Æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk eru því afar mikilvægar fyrir stjórnvöld og alla þá aðila er vinna með börnum og ungmennum, svo sem æskulýðssamtök, íþróttasamtök, stofnanir, fagaðila og fjölmarga aðra. Rannsóknirnar hafa m.a. komið sveitarfélögum að góðum notum við stefnumótun í málaflokkum sem snerta börn og ungmenni.

Niðurstöður rannsóknarinnar má jafnframt finna á vef ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is.

Fyrsta úthlutun úr Bókmenntasjóði

Bókmenntasjóður var stofnaður á síðasta ári og tók við hlutverki Menningarsjóðs, Þýðingarsjóðs og Bókmenntakynningarsjóðs. Hlutverk hans er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Sjóðurinn veitir styrki til útgáfu bókmennta og bókmenntaþýðinga en jafnframt veitir sjóðurinn íslenskum höfundum ferðastyrki og stendur að kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

Úthlutanir úr sjóðnum vegna ólíkra verkefna dreifast nokkuð yfir árið en þann 15. mars síðastliðinn rann út umsóknarfrestur fyrir útgáfustyrki og fyrri úthlutun þýðingarstyrkja. Alls voru samþykktar úthlutanir að upphæð kr. 24.500.000.

Að þessu sinni voru veittir 32 útgáfustyrkir, 30 þýðingastyrkir og 10 ferðastyrkir. Einnig var úthlutað styrkjum til 10 verkefna vegna þýðinga á íslenskum verkum á erlend tungumál.

Nánari upplýsingar um úthlutunina eru á bok.is

Menntamálaráðherra setur Listahátíð í Reykjavík 2008 þann 15. maí

Listahátíð í Reykjavík er haldin í maí ár hvert. Hún var fyrst haldin árið 1970 og annað hvert ár frá þeim tíma til ársins 2004, en árlega eftir það. Markmið Listahátíðar hefur frá upphafi verið að undirbúa og halda í Reykjavík hátíðir þar sem fram fari listkynning á sviði tónlistar og söngs, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar og byggingarlistar. Í þeirri kynningu skal hafa metnaðarfulla listsköpun að leiðarljósi og kappkostað að tefla fram framúrskarandi listafólki af hinu alþjóðlega sviði og því besta sem býr í listmenningu þjóðarinnar.

Sérstaka áherslu ber að leggja á nýsköpun og aðra þá þætti íslenskrar menningar sem skapa henni sérstöðu í samfélagi þjóðanna.

Hátíðin er fjármögnuð af menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, tekjum af miðasölu, styrktar- og

samstarfsaðilum og með öðrum tekjum. Yfirstjórn Listahátíðar er í höndum fulltrúaráðs, sem er skipað helstu lista- og



menningarstofnunum landsins ásamt ýmsum samtökum listamanna.

Menntamálaráðherra og borgarstjórnir í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, tvö ár í senn. Í ár er formennskan í

höndum menntamálaráðherra sem setur hátíðina í kvöld kl. 18 í Listasafni Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar um dagskrá listahátíðarinnar má finna á vef hátíðarinnar, www.artfest.is

Leiðrétting

Menntamálaráðuneytið vill taka fram að í 15. tbl. vefrísins láðist að geta þess að Háskóli Íslands sótti um á öllum fræðasviðum fyrir utan auðlinda- og búvísindi og á fræðasviðum lista.

Listaháskóli Íslands er eini skólinn með viðurkenningu á fræðasviði lista.

